

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Bókakaupasjóð Háskólans á Akureyri, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 6. júní 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókakaupasjóð Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Heiti sjóðsins er: Bókakaupasjóður Háskólans á Akureyri.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru:

- Akureyrarbær, sem lagt hefur fram 500 þús. kr.
- Útgerðarfélag Akureyringa hf., sem lagt hefur fram 100 þús. kr.
- Landsbanki Íslands, sem lagt hefur fram 50 þús. kr.
- Sparisjóður Akureyrar, sem lagt hefur fram 50 þús. kr.

Ofangreind fjárhæð, 700 þús. kr. hefur verið afhent Háskólanum á Akureyri til varðveislu og skal sjóðurinn alltaf vera í vörslu skólans.

3. gr.

Stofnfé og tekjur sjóðsins eru:

1. Stofnframlag, sbr. 2. gr.
2. Gjafir sem sjóðnum kunna að berast.
3. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Háskólann á Akureyri til kaupa á bókum, tímaritum, kennsluforritum og myndböndum fyrir bókasafn skólans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum sem eru: rektor skólans, einn fulltrúi fastráðinna kennara skólans og einn tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar.

Stjórn sjóðsins skal skipuð til 2ja ára í senn.

6. gr.

Stjórnin skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

7. gr.

Stjórnin skal ráðstafa sjóðnum á hvern þann hátt, sbr. þó 4. gr. samþykktar þessarar, sem hún telur þjóna best hagsmunum Háskólans á Akureyri.